



Skóli Ísaks Jónssonar
Sjálfsseignarstofnun

Skólanámskrá SÍJ Stærðfræði – 4. bekkur

Unnið er markvisst með grunnhugtök, talnaskilning, rökhugsun, rúmfræði og mælingar. Leitast er við að tengja viðfangsefnið nemendum sjálfum, umhverfi þeirra og daglegu lífi. Áhersla er lögð á hlutbundna vinnu og að virkja nemendur á fjölbreyttan hátt, s.s. í gegnum ýmiskonar leiki, þrautir og spil. Unnið er með námsefnið Sproti 4a og Sproti 4b. Heimanám fer heim einu sinni í viku. Heimanámið miðast við það að dýpka það efni sem unnið hefur verið með í skólanum. Heimanámið samanstendur af æfingaheftunum Sprota 4a og 4b. Auk þess eru send heim alls konar verkefni og þrautir.

Matsviðmið

Tölur og reikningur

Lesið, skrifað og borið saman tölur upp í 10 000 og táknað slíkar tölur með peningum.

Skipt tölum í einingar, tugi hundruð og þúsund.

Talið aftur á bak og áfram á mismunandi vegu.

Sýnt tölur á mismunandi vegu, raðað þeim og staðsett á talnalínu.

Þekkt neikvæðar tölur á talnalínu.

Námundað tölur að næsta tug, hundraði og þúsundi.

Leyst samlagningar- og frádráttardæmi með fjögurra stafa tölum á mismunandi vegu.

Farið með margföldunartöflur frá 0-10 og notað til að leysa margföldunar- og deilingardæmi.

Þekkt tengsl á milli samlagningar og frádráttar og geta notað þá vitneskju til að leysa dæmi.

Þekkt tengsl á milli margföldunar og deilingar og notað þá vitneskju til að leysa dæmi.

Lýst og haldið áfram með talnarunur sem fara stækkandi eða minnkandi

Rúmfræði og mælingar

Flokkað og greint tvívíð og þrívíð form í umhverfi sínu.

Fundið ummál og flatarmál ólíkra mynda.

Notað fjölbreyttar aðferðir við mælingar.

Notað ýmis mælitæki t.d hitamæla, vogir, desilítramál, pinnabretti, reglustikur, klukkur o.fl..

Notað ólíkar mælieiningar í rúmfræði t.d metra, grömm og lítra.

Breytt einni mælieiningu í aðra t.d metrum í millimetra, kílóum í grömm, lítrum í desílítra o.s.frv..

Mælt tíma í heilli og hálfri klukkustund, mínútum og sekúntum.

Nýtt sér mismunandi líkön og teiknað skýringarmyndir.
Skráð hnit punkta og unnið með flutninga í hnitakerfi þ.e.a.s speglun, snúning og hliðrun.

Algebra

Lýst og haldið áfram með talnarunur sem fara stækkandi eða minnkandi.

Notað vasareikni til að skoða talnamynstur.

Fundið óþekkta stærð.

Tölfræði og líkindi

Safnað gögnum, flokkað þau og talið.

Sett upplýsingar fram í töflu og sýnt niðurstöður í einföldum súluritum/linuritum.

Lesið úr einföldum súlu-og linuritum.

Virgni og samskipti

Tekið virkan þátt í tímum og farið eftir fyrirmælum sem gefin eru.

Sýnt skólafélögum og starfsfólki virðingu, tillitssemi og kurteisi.

Námsmat

Kennarar meta hæfniviðmið jafnt og þétt yfir skólaárið og birta á Mentor. Námsmat skiptist á tvær annir; haustönn og vorönn. Kennarar meta þau hæfniviðmið sem áhersla er lögð á hverju sinni og unnið hefur verið með. Til grundvallar námsmati liggja fjölbreytt verkefni, ástundun, kannanir og próf.

- Samræmt könnunarpróf í stærðfræði er lagt fyrir í september.